

PRÓF til viðurkenningar bókara

III. HLUTI

Raunhæft verkefni

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: *Raunhæft verkefni í skattskilum, reikningshaldi og upplýsingatækni og er vægi hvers hluta þannig að skattskil gilda 33,33%, reikningshald gildir 44,44% og upplýsingatækni gildi 22,22%.*

Prófdagur: 21. janúar 2015 **Kl.:** 12-17

Próftími alls: 5 tímar

Prófblöð vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsiða) : 10

Leyfileg hjálpargögn: Öll hjálpargögn á pappír leyfileg en ekki internet tenging og engin rafræn gögn **Fylgiblöð: Skattframtal**

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn.

Prófið fer fram í tölvuveri og úrlausnum skal skilað á rafrænu formi.

Prófi er skilað í Excel og sýna skal alla útreikninga.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 – 12% (36 mínútur)

Krossasurningar

Jafnt vægi er á hverri krossasurningu (1,2% hver kross) og ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. Hvert var hlutfall tryggingargjalds af launum á árinu 2014 ?
 - a) 7,69%
 - b) 8,65%
 - c) 7,59%
 - d) 7,49%

2. Í ársbyrjun námu eignir Öryggis ehf. kr. 5.612.648 og skuldir voru kr. 5.925.164. Á árinu hækkuðu eignir um kr. 165.811 og eigið fé hækkaði um kr. 236.915. Hverjar voru skuldir í árslok :
 - a) -75.601
 - b) 5.778.459
 - c) 5.854.060
 - d) -312.516
 - e) ekkert af ofangreindu

3. Trésmiðjan Borg ehf. keypti iðnaðarvél þann 1. október 2014 á kr. 3.500.000. Fyrirtækið notar leyfilega hámarksfyrningu samkvæmt skattalögum. Hver verður fyrningin árið 2014 skv. skattalögum ?
 - a) 875.000
 - b) 1.050.000
 - c) 1.225.000
 - d) 700.000
 - e) ekkert af ofangreindu

4. Staða viðskiptakrafna hjá Garðari ehf. í árslok 2013 var kr. 5.487.451. Heildarsala ársins hjá Garðari ehf. með virðisaukaskatti var kr. 45.500.600. Á árinu 2014 fékk Garðar ehf. innborganir frá viðskiptamönnum að upphæð kr. 46.700.500. Á árinu 2014 voru færðar út endanlegar tapaðar viðskiptakröfur með virðisaukaskatti að fjáræð 456.131 kr. Út frá þessum upplýsingum var staða viðskiptakrafna í árslok 2014 kr. :
 - a) 3.487.451
 - b) 4.743.682
 - c) 6.231.220
 - d) 3.831.420
 - e) Ekkert af ofangreindu

5. Hver eru þrep virðisaukaskatts á árinu 2014 ?
- a) 7% og 25,5%
 - b) 11% og 24,0%
 - c) 14% og 25,5%
 - d) 11% og 24,5%
6. Fjárhæðin kr. 52.000 inniheldur 25,5% virðisaukaskatt. Hve hár er hann í krónum ?
- a) 12.702
 - b) 13.260
 - c) 10.566
 - d) 11.512
7. Biðtími birgða hjá Kanna ehf. var 50 dagar á árinu 2014 og meðalstaða birgða nam kr. 5.000.000. Hvert var kostnaðarverð seldra vara á árinu 2014?
- a) 100.000
 - b) 360.500
 - c) 36.500.000
 - d) ekkert af ofangreindu
8. Eigið fé Húsa ehf. var kr. 1.200.000 í árslok 2013 en hagnaður ársins 2014 nam kr. 400.000. Hlutfé var óbreytt á árinu og enginn arður var greiddur. Arðsemi eigin fjár á árinu 2014 var því :
- a) 33,3%
 - b) 10,0%
 - c) 25%
 - d) 50%
 - e) Ekkert af ofangreindu

9. Hver er EBITDA í neðangreindum rekstrarreikningi ?

Sala			12.000
Kostnaðarverð seldra vara			-6.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostn.			-1.500
Afskriftir			-1.800
Rekstrarhagnaður			2.700
Vaxtatekjur			1.800
Vaxtagjöld			-3.600
Hagnaður fyrir skatta			900
Skattar			-200
Hagnaður ársins			700

- a) 2.700
- b) 900
- c) 6.000
- d) 4.500
- e) ekkert af ofangreindu

10. Samkvæmt sjóðstreymi Jónasar ehf. árið 2014 voru fjárfestingarhreyfingar ársins neikvæðar um kr. 275.000 og fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar sem nemur kr. 350.000. Handbært fé í lok ársins 2014 nam kr. 315.000 og handbært fé í upphafi árs var 520.000. Hverjar voru rekstrarhreyfingar ársins 2014?

- a) 350.000
- b) 300.000
- c) 420.000
- d) 150.000
- e) Ekkert af ofangreindu

Verkefni 2 – 6% (18 mínútur)

Skattframtal lögaðila :

Hér að neðan eru 10 liðir úr bókhaldi fyrirtækis. Tilgreinið í hvaða reiti á skattframtali lögaðila RSK 1.04 þeir eiga að fara. Í fylgiskjali er eyðublaðið RSK 1.04 til aðstoðar.

Lögfræðikostnaður með VSK
Kaffistofukostnaður
Ritföng með VSK
Gjaldfært tryggingargjald
Yfirdráttarlán
Verðbætur af lánum
Auglýsingarkostnaður með VSK
Vörusala á bleium hjá verslun
Gjaldfærðar afskriftir af vörubifreið
Tekjufærður tekjuskattur

Verkefni 3 – 14% (42 mínútur)

Tekjuskattstofn:

Í meðfylgjandi svarblaði er fyrirbyggjandi rekstrarreikningur ársins.

Verkefni þitt er að draga fram tekjuskattstofn og reikna tekjuskatt fyrir Vogabíng ehf. fyrir árið 2013, miðað er við að tekjuskattstofn sé lágmarkaður. Gerið ráð fyrir að fyrirtækið hafi einnig beitt öllum ráðum til að lágmarka skattstofn sinn á fyrra ári.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru viðskiptakröfur félagsins í árslok 2013 kr. 18.000.000, varúðarafskrift krafna var kr. 1.500.000. Í upphafi ársins nam varúðarafskrift viðskiptakrafna kr. 1.000.000 og viðskiptakröfur samkvæmt efnahagsreikningi í upphafi árs voru kr. 15.000.000.

Á árinu var fyrirtækið sektað af Samkeppnisstofnun fyrir skort á verðmerkingum og nam sektin kr. 550.000 og hefur hún verið gjaldfærð í rekstrarreikningi undir liðnum skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.

Undir liðnum vaxtagjöld er búið að gjaldfæra sölutap hlutabréfa að fjárhæð kr. 300.000 vegna sölu á hlutabréfum í Huldu ehf., en kaupverð bréfanna á sínum tíma nam kr. 1.000.000 og söluverðið var kr. 700.000. Þessu til viðbótar er búið að gjaldfæra undir sama lið hlutabréf í Pétri ehf. að fjárhæð kr. 200.000 en Pétur ehf. varð gjaldþrota á árinu 2013.

Í upphafi árs á félagið ónotað skattalegt tap frá fyrri árum að upphæð kr. 1.200.000.

Í svari skal vísa til þeirra lagagreina og / eða reglugerðarákvæða sem við eiga hverju sinni.

Verkefni 4 – 6% (18 mínútur)

Virðisaukaskattur:

Góa ehf. er að stemma af virðisaukaskatt ársins 2013 og er búið að finna út að nauðsynlegt er að skila inn leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts RSK 10.26. Ástæðan er sú að nokkrir gjaldareikningar bárust eftir skiladag á nóvember/desember skýrslu sem var 5. febrúar 2014 og þar af leiðandi er inneign í innskatti vegna tímabilsins nóvember/desember. Sala ársins var rétt uppgæfin á skýrslum ársins. Í eftirfarandi töflu má sjá hvaða skýrslum hefur verið skilað á árinu.

		01 - 02	03 - 04	05 - 06	07 - 08	09 - 10	11 - 12	ALLS
Sala 25,5%	A	6.450.000	5.850.000	5.550.000	7.650.000	7.250.500	8.560.000	41.310.500
Sala 7%	B	0	0	0	0	0	0	0
Undanþegin	C	0	0	0	0	0	0	0
Útskattur	D	1.644.750	1.491.750	1.415.250	1.950.750	1.848.878	2.182.800	10.534.178
Innskattur	E	475.000	250.000	550.000	450.000	1.254.000	880.000	3.859.000
Til greiðslu	F	1.169.750	1.241.750	865.250	1.500.750	594.878	1.302.800	6.675.178

Auk þess liggja fyrir upplýsingar um veltu á árinu á gjaldareikningum sem merktir eru innskatti og eru þær eftirfarandi :

Gjaldareikningar merktir innskatti í 25,5% þrepi kr. 14.650.500.

Gjaldareikningar merktir innskatti í 7% þrepi kr. 165.000.

Auk þess liggur fyrir að innskattur greiddur í tolli við innflutning á vörum var kr. 475.000.

Verkefni þitt er að fylla út meðfylgjandi leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts RSK 10.26, en til að gera það þarftu að finna út hver sá innskattur er sem fyrirtækið nýtti ekki þegar nóvember/desember skýrslu var skilað inn.

Verkefni 5 – 5% (15 mínútur)

Hér að neðan er hluti af aðalbók Fjarðar ehf. fyrir árið 2014. Verkefni þitt er að reikna út stofn til tryggingargjalds fyrir árið 2014 og einnig að reikna tryggingargjaldið en það er 7,59% fyrir árið 2014.

Númer	Heiti	Staða
3100	Dagvinnulaun	15.507.500
3101	Yfirvinnulaun	1.500.000
3102	Bónusgreiðslur	750.500
3110	Ökutækjastyrkur staðgreiðsluskyldur	650.000
3111	Ökutækjastyrkur undanþeginn staðgreiðslu	275.000
3115	Dagpeningar skv reglum RSK	1.564.500
3120	Reiknað áunnið orlof	300.000
3210	Lífeyrissjóðsframlag	1.598.220
3211	Sjóðagjöld - mótframlag	195.000
3310	Tryggingar starfsfólks	120.000
3321	Endurmenntun og námskeið	75.000
3330	Starfsmannafélag	275.000
3340	Kaffikostnaður	226.350
3345	Árshátíð o.fl. vegna starfsmanna	350.000
3350	Vinnufatnaður	112.000
3380	Annar starfsmannakostnaður	99.500

Einnig voru bifreiðahlunnindi ársins kr. 850.000 og fæðishlunnindi kr. 250.000.

Verkefni 6 – 9% (27 mínútur)

Kennitölur

Á næstu blaðsíðu eru rekstrarreikningur og efnahagsreikningur fyrir Klett ehf. vegna áranna 2011-2013. Verkefni þitt er að reikna eftirfarandi kennitölur vegna áranna 2012 og 2013 :

- Eiginfjárlutfall
- Veltufjárlutfall
- Lausafjárlutfall
- Veltuhraði birgða
- Biðtími birgða
- Hagnaður á hlut
- EBITDA
- Brúttóágóðahlutfall
- Rekstrarhagnaðarhlutfall

Rekstrarreikningar áráanna 2011-2013					
			2013	2012	2011
Sala			785.100	754.200	724.600
Kostnaðarverð seldra vara			(510.500)	(501.300)	(496.800)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaðu			(60.000)	(58.500)	(54.600)
Annar rekstrarkostnaður			(66.400)	(70.500)	(69.200)
Afskriftir			(11.000)	(9.000)	(9.000)
Vextir			(7.600)	(8.100)	(8.900)
Skattar			(26.000)	(21.000)	(17.000)
Hagnaður ársins			103.600	85.800	69.100
Efnahagsreikningar áráanna 2011-2013					
Eignir			31/12 13	31/12 12	31/12 11
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir			154.000	120.000	110.000
Verðbréf			40.000	30.000	10.000
			194.000	150.000	120.000
Veltufjármunir:					
Birgðir			38.000	35.000	34.000
Viðskiptakröfur			51.200	49.500	42.000
Handbært fé			34.500	26.000	18.500
			123.700	110.500	94.500
Eignir samtals			317.700	260.500	214.500
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé:					
Hlutfé			10.000	10.000	10.000
Óráðstafað eigið fé			262.600	159.000	73.200
			272.600	169.000	83.200
Skuldir:					
Langtímaskuldir			19.000	62.500	81.500
Næsta árs afborganir			(6.000)	(6.200)	(6.900)
			13.000	56.300	74.600
Ýmsar skammtímaskuldir			26.100	29.000	49.800
Næsta árs afborganir			6.000	6.200	6.900
			32.100	35.200	56.700
Skuldir samtals			45.100	91.500	131.300
Eigið fé og skuldir samtals			317.700	260.500	214.500

Verkefni 7 – 15% (45 mínútur)

Excel :

Í vinnuskjalinu í tölvunni eru flípar sem auðkenndir eru með 7a, 7b, 7c og 7d. Verkefnið er :

- a) (1%) Raðið prófjöfnuðinum þannig að lyklar komi í röð eftir númeri.
(1%) Notið síðan fallið MAX til að finna hvaða fjárhæð er hæst í prófjöfnuðinum.
- b) (3%) Notið fallið SUMIF til að leggja saman allar fjárhæðir sem eru hærri en 15.
- c) (2%) Notið fallið VLOOKUP til að birta nafn starfsmanns nr. 13 (setjið svarið í reit C52).
(3%) Notið fallið IF til að birta nafn starfsmanna sem tala spænsku og látið „NEI“ birtast ef starfsmaður talar ekki spænsku (setjið svarið í dálk E, línur 5 til 48).
(1%) Notið fallið COUNTIF til að telja hve margir starfsmenn tala þýsku.
(1%) Notið fall til að finna meðallaun starfsmanna.
- d) (3%) Notið fallið PMT til að finna út þá fjárhæð sem greiða þarf árlega af jafngreiðsluláni til 5 ára sem er með upphaflegan höfuðstól upp á kr. 1.000.000 og ber 6% vexti. Greitt er af láninu einu sinni á ári. Þú átt sem sagt að finna heildarfjárhæðina sem greidd er árlega (höfuðstólsafborgun + vextir) í einni tölu, en einkenni jafngreiðslulána er að ávallt er greidd sama fjárhæð í hvert skipti.

Verkefni 8 – 33% (99 mínútur)

Ársreikningur :

Verkefni þitt er að stilla upp ársreikningi (rekstrarreikningur og efnahagsreikningur, ekki sundurliðanir) fyrir Dýrið ehf. fyrir árið 2013. Aðalbók félagsins liggur fyrir (sjá fylgiskjal og ársreikningsform) en eftir er að gera nokkrar lokafærslur sem tengjast neðangreindum athugasemdum. Fylgiblöð með þessu verkefni eru fyrningaskrá þar sem búið er að setja inn heiti eigna og aðalbókin þar sem búið er að setja upp dálka vegna færslna í debet og kredit og lokastöðu en eftir er að setja inn formúlur í dálkinn lokastaða. Að lokum er form fyrir ársreikning. Ath. að 7% hluti þessa verkefnis tengist excel hluta prófsins og felst í að sýna kunnáttu í excel, einkum varðandi að tengja ársreikninginn við aðalbókina með skýrum hætti (ekki innsláttur talna, heldur sækja tölurnar úr aðalbókinni yfir í ársreikninginn) og að útreikningar séu sýndir með skýrum og aðgengilegum hætti og frágangur vandaður.

1. Eftir er að færa fyrningar ársins. Félagið beitir svokallaðri línulegri afskrift (ekki skattalegri) á rekstrarfjármuni sína. Eina fjárfesting ársins var sú að félagið keypti í febrúar innréttingar fyrir kr. 2.000.000, áætlað hrakvirði er 50.000 og er áætlaður líftími 8 ár. Fasteign félagsins var keypt í upphafi árs 2006 á kr. 30.000.000 og áætlað hrakvirði hennar er 10% af upphaflegu kaupverð og áætlaður líftími hennar 50 ár. Bifreið félagsins var keypt á miðju ári árið 2010 á kr. 500.000, en hún hefur ekki neitt hrakvirði. Áætlaður líftími bifreiðarinnar er 5 ár.

Búið er að setja upp fyrningaskýrsluna að hluta í fylgiskjali og þarft þú að ljúka við hana.

2. Eftir er að færa varúðarniðurfærslu krafna, en félagið hefur þann háttinn á að líta svo á að 4% af útistandandi kröfum muni tapast.

3. Langtímalán í Sparibankanum hf. nr. 273 er verðtryggt. „Eftirstöðvar með verðbótum eftir greiðslu“ skv. síðasta greidda greiðsluseðli, sem var í desember 2013, voru kr. 9.915.613 og eru vísitölur þann 1. desember 2013 415,2 og þann 1. janúar 2014 416,7. Grunnvísitala lánsins er 412,2

4. Síðasti greiðsludagur lánsins var 5. desember 2013 og eru vextir á láninu 5%.

5. Á meðal eigna félagsins er bókfærður eignarhlutur í félaginu Krani ehf., bókfært verð í ársbyrjun 2013 var kr. 250.000. Krani ehf. var úrskurðað gjaldþrota á árinu 2013.

6. Eftir er að færa birgðabreytingu ársins en birgðir félagsins í árslok voru eftirfarandi :

	Magn	Kostnaðarverð	Dagverð
Hlutur A	1.875	175	170
Hlutur C	2.000	275	265
Hlutur D	1.150	1855	1875

7. Dóttir Jónasar, eiganda fyrirtækisins, var að vinna hjá félaginu í desember og átti eftir að setja hana inn í launakerfið þegar hin mánaðarlega launakeyrsla fór fram vegna desember. Laun voru greidd út í janúar 2014. Það á því eftir að gera færslu vegna launa hennar fyrir vinnuna í desember. Laun hennar námu kr. 250.000 og nýtti hún skattkort sitt hjá fyrirtækinu og fær því kr. 48.485 í persónuafslátt. Staðgreiðsluhlutfallið var 37,32% í fyrsta þrepi árið 2013, en laun hennar vegna desember lenda í þrepi númer eitt. Hún greiðir lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð og greiðir ekki til stéttarfélags. Tryggingargjald er 7,69%.

8. Á fyrirframgreiddum kostnaði (nr. 7650) stendur fjárhæðin kr. 1.000.000 en hún er þannig tilkomin að bókarí félagsins færði útgreiddan arð til hluthafa í október 2013 og var ekki viss hvernig færa skyldi arðinn rétt til bókar. Þessar kr. 1.000.000 eru sem sagt það sem hluthafarnir fengu greitt eftir að búið var að draga frá fjármagnstekjuskatt sem félagið á að skila til ríkisins í febrúar á næsta ári.

9. Færa skal í lögbundinn varasjóð samkvæmt lögum um einkahlutafélög.

Ekki þarf að bæta við bókhaldslyklum í prófjöfnuðinn.

Ábending : ekki þarf að huga að tekjuskatti í þessu verkefni, þ.e. sú fjárhæð sem færð er á tekjuskatt skal standa þannig óbreytt.